

FUNDARGERÐ

405. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 10. apríl 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Vegna liðar 1 sat Ólafur Ingólfsson frá Vildarhúsum fundinn.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Byggingarmál – leigufélag. Samstarf við Vildarhús

Fulltrúi Vildarhúsa Ólafur Ingólfsson sem jafnframt er félagsmaður í FEB, fór yfir forsendur, tilgang og skilyrði stofnunar húsnæðissjálfsseignarstofnunar og þær heimildir sem að baki slíkri stofnun liggja. Tilgangur er að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri íbúða og veita þjónustu í almannapágu.

Leigufélag aldraðra væri vettvangur sem stofna þarf til að sækja um stofnstyrki. Að slíku félagi kæmu FEB, Vildarhús og jafnvel MT Höjgaard sem hugsanlegur skipulags og framkvæmdaraðili. Fjárhagsleg áhætta FEB væri um 1.5 milljónir króna sem hluti af framlagi stofnaðila.

Viðurkennt að skortur er á húsnæði fyrir aldurshópin sem í félaginu er. Málið rætt og kom formaður m.a. inn á að húsnæðismál og úrlausnir í þeim málum ætti að vera eitt stærsta verkefnið í starfsemi FEB. Næstu skref er kanna með hug og hvort Reykjavíkurborg vilji vera með og svo með stofnun slíks húsnæðissjálfsseignarstofnunar.

2. Aukalandsfundur LEB

Á landsfundi LEB fyrir ári síðan var ákveðið að farið yrði í breytingar á lögum LEB og í framhaldi boðað til aukalandsfundar. Nú er slíkt aukapening sett á 24. apríl kl. 10.15 í félagsheimili eldri borgara á Seltjarnarnesi. Sömu aðilar sitji þennan aukalandsfund og sátu síðasta landsfund LEB.

3. Fundur í Ráðhúsinu 5. maí

Áður boðaður fundur með framboðum sem bjóða munu fram í sveitastjórnarkosningunum í Reykjavík verður laugardaginn 5. maí kl. 10.30. Vænst er aðkomu og vinnu stjórnar fyrir og á á fundinum.

4. Framkomin fjármálaáætlun - Nefndaskiptan í nefnd félagsmálaráðherra

Rætt saman undir þessum líð. Tilgangur nefndar var/er hugsaður af hálfu FEB til að finna leiðir til að koma á mótis við þá sem allra verst hafa meðal eldri borgara. Samþykkt að Guðrún Árnad. og Þorbjörn G. fari nefndina. Gísli stýri baklandinu sem vinni með nefndarmönnum. Rætt um að hópurinn komi saman til að móta „áherslur“.

5. Grái herinn umræða

Ekki tekið fyrir, frestað.

6. Stjórnarmenn í nefndir

Framkvæmdastjóri áréttaði með vilja sinn til að stjórnarmenn sætu og stýrðu nefndum innan félagsins. Hugsað til þess að létta það álag sem er á starfsfólki félagsins. Sendar verða upplýsingar um nefndir og uppástunga um hverjir sitji hvaða nefnd.

7. Önnur mál

Stjórn staðfestir fyrri ákvörðun um ekki verði leyfð undanþága frá reglum um sölu/kaup á íbúð að Grandavegi 47 eins og beiðni er komin fram um.

Næsti fundur stjórnar er ráðgerður eftir fund og vonandi svör með borgarstjóra sbr. lið 1 n.k. þriðjudag 17. apríl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.30.

Samþykkt;